

Stjórnarfundur FEB nr. 460 þriðjudaginn 18. maí 2021 kl. 09:30

að Stangarhyl 4, Reykjavík

Mættir aðalmenn: Ingibjörg Sverrisdóttir, Geir A. Guðsteinsson, Ólafur Örn Ingólfsson, Kári Jónasson, Viðar Eggertsson, Ingibjörg Óskarsdóttir

Mættir varamenn: Finnur Birgisson, Halldór Frímannsson, Kolbrún Stefánsdóttir.

Fjarverandi: Sigurbjörg Gísladóttir

Einnig sat fundinn Dýrlief Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri

Formaður, Ingibjörg Sverrisdóttir setti fund

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

Formaður nefndi í upphafi fundar að nýafstaðinn aðalfundur FEB hafi verið haldinn í fjarfundarbúnaði, og það hafi krafist mikillar vinnu og nákvæmrar skipulagningar. Hlutur sjálfbóðaliða var þar stór.

2. Stjórnin skipti með sér verkum;

- | | |
|--------------------|--|
| a) Varaformaður: | Sigurbjörg Gísladóttir |
| b) Gjaldkeri: | Ingibjörg Óskarsdóttir |
| c) Ritari: | Geir A. Guðsteinsson |
| d) Meðstjórnendur: | Kári Jónasson
Ólafur Örn Ingólfsson
Viðar Eggertsson |

3. Dags- og tímasetning stjórnarfunda

Samþykkt að stjórn FEB komi saman fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 09:30 að Stangarhyl 4 (félagsheimili FEB), fyrst þriðjudaginn 8. júní, frí í júlí og ágúst en síðan þriðjudaginn 7. september.

© HKS
KL
JAF.
GJ
B.

4. Skipan í nefndir

Í kjara- og laganefnd voru kosin: Finnur Birgisson, Sigurbjörg Gísladóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Ingibjörg Sverrisdóttir, Halldór Frímansson og Dýrleif Guðjónsdóttir.

Í ferðanefnd: Kári Jónasson, Ólafur Örn Ingólfsson, Dýrleif Guðjónsdóttir, Jóhanna Ragnarsdóttir, Ingibjörg Sverrisdóttir

Í húsnaðisnefnd: Ólafur Örn Ingólfsson, Ingibjörg Sverrisdóttir, Halldór Frímansson og Dýrleif Guðjónsdóttir.

Í ritnefnd: Geir A. Guðsteinsson, Kári Jónasson, Ingibjörg Óskarsdóttir, Ingibjörg Sverrisdóttir, Kolbrún Stefánsdóttir og Dýrleif Guðjónsdóttir.

Í Velferðarnefnd: Ingibjörg Sverrisdóttir, Geir A. Guðsteinsson og Kolbrún Stefánsdóttir.

Tillaga lögð fram um að stjórnin héldi sér fund til að yfirfara skýrsluna um um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila.

5. Í öldungaráði Reykjavíkurborgar aðalmenn:

Ingibjörg Sverrisdóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Viðar Eggertsson

1. Geir A. Guðsteinsson
2. Halldór Frímansson
3. Kolbrún Stefánsdóttir.

6. Landsfundur LEB

Rætt um komandi aðalfund Landssambands eldri borgara sem fram fer á Selfossi 26. maí nk. Lögð var á það áhersla að fulltrúar FEB sem taka þátt í landsfundi LEB kynni sér vel fyrir fundinn þær ályktanir sem þegar liggja fyrir á vefsíðu LEB varðandi kjaramál og velferðarmál.

Bent var á að frá Félagi eldri borgara í Hafnarfirði er komin fram tillaga um að ekki verði greitt fyrir 90 ára og eldri til LEB.

7. Framkv.- og aðgerðahópur LEB og annarra félaga eldri borgara

Kynnt var fundarherferð með atvinnulífinu og stjórn mála flokkunum sem er á vegum framkvæmda- og aðgerðarhóps LEB og félaga eldri borgara sem hefur til þessa gengið mjög vel. Áfram verður haldið að vinna með áhersluatriðin sem samkomulag var um að leggja áherslu á fyrir Alþingiskosningarnar 25. september nk. Í starfshópnum eru Ingibjörg Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson og Helgi Pétursson og fulltrúar annarra félaga til skiptis.

8. Önnur mál

Talið barst lítillega að aðventuferðum í desembermánuði, en engin ákvörðun tekin að svo stöddu hvað þær varðar.

Fundi slitið kl. 11:25

Fundargerð ritaði Geir A Guðsteinsson

Ingibjörg H Svendsen
Katla
Geir A. Guðsteinsson

Stinnur Björnsson
Harður Tinnarinn
Edur Jónsson
Ólafur Eiríksdóttir
Ingibjörg Þorhildur